

Föstudaginn 27. mars 1998.

Nr. 118/1998.

Jóhannes Einarsson og

Bergmál ehf.

(Guðjón Styrkársson hrl.)

gegn

Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Gunnari Hjaltalín

Jóni Gunnari Zoëga og

Þórarni Ragnarssyni

(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 3. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 1998, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að sóknaraðilar skyldu hvor um sig setja tryggingu, að fjárhæð 150.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar varnaraðilum til handa. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms um, að þeim verði gert að setja málskostnaðartryggingu, verði felldur úr gildi. Þeir krefjast einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur svo og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilar hafa lagt fyrir Hæstarétt yfirlýsingu JÓJ ehf., sem er einn stefnenda í héraði, þess efnis, að félagið ábyrgist „allan málskostnað stefnenda“. Í hinum kærða úrskurði var hafnað kröfu um, að þessum stefnanda yrði gert að setja tryggingu fyrir málskostnaði.

Við skýringu á 133. gr. laga nr. 91/1991 um heimild til að gera stefnanda máls að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar verður að líta til þess, að um er að ræða undantekningarreglur, sem horfa honum til íþyngingar og kunna að skerða rétt hans til aðgangs

að dómstólum. Að því athuguðu verður að skýra ákvæðið svo, að þegar fleiri en einn eiga sameiginlega aðild til sóknar í máli, sé hagsmuna stefnda nægilega gætt með því, að einn stefnenda að minnsta kosti standi ábyrgur fyrir greiðslu málskostnaðar, sem felldur yrði á þá.

Af 132. gr. laga nr. 91/1991 leiðir, að þegar fleiri aðilar en einn eru til sóknar í máli, verður málskostnaður, sem þeir kunna að verða dæmdir til að greiða, að jafnaði ákveðinn í einu lagi, þannig, að þeir ábyrgist sameiginlega greiðslu hans.

Fallist er á með héraðsdómi, að ekki hafi verið leiddar líkur að því, að stefnandinn JÓJ ehf. sé ófær um að greiða málskostnað. Verður því að telja, að með framangreindum ákvæðum 132. gr. laga nr. 91/1991 sé rétti varnaraðila nægilega borgið. Verður því að fella úr gildi ákvæði hins kærða úrskurðar um skyldu sóknaraðila til að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðilar greiði sóknaraðilum kærúmálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Felld eru úr gildi ákvæði hins kærða úrskurðar um skyldu sóknaraðila, Jóhannesar Einarssonar og Bergmáls ehf., til að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í héraðsdómsmálinu nr. E-417/1998.

Varnaraðilar, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., Gunnar Hjaltalín, Jón Gunnar Zoëga og Þórarinn Ragnarsson, greiði sameiginlega hvorum sóknaraðila fyrir sig 15.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 1998.

Mál þetta var þingfest 3. febrúar 1998.

Stefnendur eru Jóhannes Einarsson, kt. 080163-4879, Sjávargrund 5 b, Gardabæ, Bergmál ehf., kt. 560993-2509, Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík, og JÓJ ehf., kt. 560896-2719, Síðumúla 33, Reykjavík.

Stefndu eru Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., kt. 501097-2179, Ármúla 13 a, Reykjavík, Gunnar Hjaltalín, kt. 080646-4109, Sævangi 44, Hafnarfirði, Jón Gunnar Zoëga, kt. 090643-2239, Reynimel 29, Reykjavík, og Þórarinn Ragnarsson, kt. 271145-3499, Ystaseli 24, Reykjavík.

Við þingfestingu málsins gerðu stefndu þá kröfu, að stefnendum yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Því var mótmælt af hálfu stefnenda.

Málið var tekið fyrir 17. febrúar til að gefa aðilum kost á að tjá sig frekar um ágreininginn. Af hálfu aðila voru reifaðar helstu málsástæður til stuðnings kröfum þeirra, og að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

Forsendur og niðurstaða.

Af gögnum málsins verður ekki fullyrt neitt um fjárhagsstöðu stefnanda JÓJ ehf., og ekkert liggur fyrir um það, hvort lánardrottinnar félagsins hafi án árangurs leitað fullnustu krafna á hendur þess. Líkur hafa því ekki verið leiddar að því, að stefnandi JÓJ ehf. sé ófær um greiðslu málskostnaðar, og verður honum því ekki gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sú málsástæða stefndu, að stefnandi JÓJ ehf. eigi ekki aðild að málinu, kemur ekki til álita, enda leiðir aðildarskortur til sýknu samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, en verður ekki heimfærður undir fyrrgreint ákvæði 133. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnenda Jóhannesar Einarssonar, sem var úrskurðaður gjaldþrota í desember 1993, og Bergmáls ehf. er því ekki mótmælt, að þeir séu ófærir um greiðslu málskostnaðar, en því haldið fram, að fullnægjandi yfirlýsing liggja fyrir af hálfu stefnanda JÓJ ehf. um greiðslu málskostnaðar fyrir alla stefndu, og því séu skilyrði b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 ekki uppfyllt. Ekki er unnt að fallast á þessa málsástæðu, en samkvæmt fyrrgreindu ákvæði nægir, að leiddar séu að því líkur, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar, til að honum verði gert að setja tryggingu fyrir honum að kröfu stefnda, og hefur þá yfirlýsing annarra stefnenda um greiðslu málskostnaðar fyrir alla stefnendur gegn mótmælum stefndu ekki þýðingu. Með því að það er viðurkennt af hálfu stefnenda Jóhannesar og Bergmáls ehf., að þeir séu ófærir um greiðslu málskostnaðar, telst skilyrði b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 uppfyllt, og verður þess vegna að fallast á kröfu stefnenda og gera hvorum um sig stefnenda Jóhannesi og Bergmáli ehf. að setja tryggingu fyrir sérhvern stefndu, sem þykir hæfilega ákveðin 150.000 krónur til handa hverjum stefndu, samtals 600.000 kr. Tryggingin skal sett með peningum eða bankaábyrgð, og ber að afhenda skilríki fyrir henni í dóminum innan tveggja vikna frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum stefndu, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Gunnars Hjaltalín, Jóns Gunnars Zoëga, og Þórarins Ragnarssonar, um, að

stefnanda JÓJ ehf. verði gert að setja tryggingu fyrir málskostnaði í héraðsdómsmálinu nr. E-417/98, er hafnað.

Stefnandi Jóhannes Einarsson skal setja tryggingu, að fjárhæð 150.000 kr., fyrir greiðslu málskostnaðar í héraðsdómsmálinu nr. E-417/98 til handa hverjum og einum stefndu, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Gunnari Hjaltalín, Jóni Gunnari Zoëga og Þórarni Ragnarssyni.

Stefnandi Bergmál ehf. skal setja tryggingu, að fjárhæð 150.000 kr., fyrir greiðslu málskostnaðar í héraðsdómsmálinu nr. E-417/98 til handa hverjum og einum stefndu, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Gunnari Hjaltalín, Jóni Gunnari Zoëga og Þórarni Ragnarssyni.

Tryggingarnar ber að setja með peningum eða bankaábyrgð, og ber að afhenda dóminum skilríki fyrir þeim innan tveggja vikna frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.
